



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 10 -12
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2009
komudagur 13.8.2010

Reykjavík, 11. ágúst 2010
EBI/hó

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 á 138. löggjafarþingi, þskj. 1258 – 658. mál
Tilv. 2010080004

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 22. júní 2010.

Búnaðarþing 2010 samþykkti samhljóða ályktun þar sem því er harðlega mótmælt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið verði sameinað iðnaðarráðuneytinu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fari með málefni þeirra atvinnugreina sem eru meginstoðir atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins. Mikil hagsmunabarátta sé framundan vegna hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu og því sameining þessara ráðuneyta alls ekki tímabær.

Með vísan til framangreindrar ályktunar Búnaðarþings leggjast Bændasamtök Íslands gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

Búnaðarþing 2010 Samþ. samhlj. (s. umr.)

3. mars 2010 - ÁS

Dagsetning skjals 3. mars 2010

Mál: 10020005 Þ.skj.05-3

Tegund skjals Samþ. samhlj. (s. umr.)

Niðurst. atkv.gr. (með - á móti)

Nefnd: Allsherjarnefnd

Framsögumaður: Pétur Diðriksson

Sameining ráðuneyta

Markmið

Búnaðarþing 2010 mótmælir harðlega fyrirhugaðri sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið.

Leiðir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið er það ráðuneyti sem fer með málefni þeirra greina sem eru meginstoðir atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins. Mikil hagsmunabarátta er framundan og því er sameining þessara ráðuneyta ekki á nokkurn hátt tímabær.

Framgangur

Ályktun send til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnheiður D. Einarsdóttir

Gústaf Jökull Ólafsson

Jóhann Ragnarsson

Marteinn Njálsson

Pétur Diðriksson

Smári Borgarsson

Skúli Þórðarson

Sveinn Ingvarsson